



STARFSÁÆTLUN 2026-2027

Barnaborg og Krílabær, Þingeyjarskóla

Nanna Marteinsdóttir, leikskólastjóri, ágúst 2026

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Skipurit Þingeyjarskóla	2
Leikskóladagatal 2026-2027	3
Viðburðir og þemu í leikskólastarfinu	3
Uppbrotsdagar og þemaverkefni	3
Ágúst.....	4
September- guli mánuðurinn	4
Október: Litríka haustið og bleiki dagurinn	4
Nóvember.....	4
Desember.....	4
Janúar	4
Febrúar	4
Mars.....	4
Apríl	5
Maí.....	5
Júní	5
Dagskipulag leikskólanna	5
Áætlaður nemendafjöldi og stöðugildi haustið 2026:	7
Nemendur og fæðingarár	7
Starfsmenn Barnaborgar	7
Starfsmenn Krílabæjar:.....	7
Skipulag og leiðtogar í daglegu starfi	8
Samstarf	8
Foreldrar.....	8
Samstarf milli Barnaborgar og Krílabæjar	8
Samstarf við grunnskólann.....	8
Skólaþróun og Heillaspor	9


Inngangur

Hér að neðan verður gert grein fyrir helstu markmiðum og áætlunum fyrir starfið í Barnaborg og Krílabæ starfsárið 2026-2027. Fjallað verður um nemendafjölda, starfsmannahald, helstu markmið og verkefni í starfinu, opnunartíma og fjölda opnunardaga,

Leikskóladeildir Þingeyjarskóla eru á tveimur stöðum. Barnaborg er til húsa í syðri enda Þingeyjarskóla í Aðaldal með matsal sameiginlegan grunnskólanum. Krílabær er á Laugum í Reykjadal. Barnaborg er skipt upp í eldri barna svæði og yngri barna svæði. Tekið er fram ef áætlanir hér að neðan eiga einungis við um aðra starfsstöðina.

Þingeyjarskóli er samrekin leik- og grunnskóli með tónlistardeild. Starfsárið 2026-2027 mynda Jóhann Rúnar Pálsson grunnskólastjóri og Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri skólastjórn Þingeyjarskóla.

Skipurit Þingeyjarskóla



Leikskóladagatal 2026-2027

Starfsár leikskólanna hefst mánudaginn 10. ágúst. Þá mætir starfsfólk kl. 8:00 að morgni og undirbýr opnun og tekið verður á móti nemendum kl. 10:00 þann dag. Þetta er breyting frá því sem verið hefur að heill vinnudagur sé tekinn í undirbúning og skipulag fyrir opnum. Föstudaginn 14. ágúst verða leikskólarnir lokaðir vegna námskeiðs um *Heillaspor* sem starfsfólk allra skólanna í Þingeyjarsveit munu taka þátt í.

Leikskóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu Þingeyjarskóla: [leikskoladagatal-2026-2027.jpg \(1840×1147\)](https://www.thingeyjarskoli.is/leikskoladagatal-2026-2027.jpg)

Opnunardagar eru áætlaðir 209 talsins, þar af 4 skráningardagar. Snemmlökanir kl. 15:00 eru 8 samtals. Þá eru starfsmannafundir Barnaborgar og Krílabæjar. Starfsdagar eru áætlaðir 6, þar af 4 í áætlaða námsferð í febrúar 2027. Jólafrí er samtals 12 dagar og páskafrí 10 dagar. Um jól og páska er lokað samtals 7 virka daga vegna betri vinnutíma (sem áður var talað um sem styttingu vinnuvikunnar).

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Barnaborg og Krílabær

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 L	2 S	2 Þ	2 Þ	2 S	2 M	2 F	2 L
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 Þ	5 L	5 Þ	5 M	5 M	5 L	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M
7 Þ	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 S	8 Þ	8 F	8 Þ	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 F	8 M
9 S	9 M	9 F	9 M	9 L	9 Þ	9 M	9 M	9 F	9 S	9 M	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 M	11 F	11 M	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 S	12 M	12 L	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 M	13 F	13 L
14 M	14 L	14 M	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 L
15 Þ	15 M	15 F	15 M	15 L	15 Þ	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 S	16 M	16 F	16 M	16 L	16 Þ	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 L	17 Þ	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 M	18 L	18 M	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 M	19 F	19 M	19 L	19 Þ	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 S	20 M	20 L	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 F	21 M	21 L	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 L
22 L	22 Þ	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 M	24 L	24 M	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 S	26 M	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 L	27 Þ	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 L	28 M	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 L
29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 L	29 Þ	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 S	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 M	31 L	31 M	31 Þ	31 F	31 M	31 M	31 M	31 L	31 M	31 F	31 L

Viðburðir og þemu í leikskólastarfinu

Á heimasíðu skólans www.thingeyjarskoli.is má finna grundvallarupplýsingar um skólastarfið. Til viðbótar munu foreldrar og starfsfólk fá aðgang að nýju og öflugu *Námfús* appi og vefsvæði þar sem nánari upplýsingar um skólagöngu hvers leikskólabarns er að finna. Þ.m.t. ljósmyndir úr starfinu, matseðil og nákvæmara leikskóladagatal með öllum uppbrotsdögum og viðburðum.

Á heimasíðu skólans má finna rýmingaráætlanir fyrir bæði húsin, áætlun um móttöku barns af erlendum uppruna, handbók foreldra og fleira: <https://www.thingeyjarskoli.is/is/deildir/leikskoladeildir/namskra-og-aaetlanir>

Uppbrotsdagar og þemaverkefni

Þemu hvers mánaðar eru ætluð fyrir börn og kennara til að fá hugmyndir að verkefnum og tengja saman starfið í leikskólanum við nærumhverfið og heimamenningu barnanna. Tímarammi og skil milli þemaverkefna verða ekki mjög nákvæm og jafnframt eru þemun víð svo sköpun og forvitni barna og

kennara þeirra fái að njóta sín. Öll þemavinna eflir orðaforða barnanna, dýpkar hugsun þeirra og það er eitt af meginmarkmið í starfinu í Krílabæ og Barnaborg.

Ágúst

Krílabær og Barnaborg opna aftur mánudaginn 10. ágúst kl. **10:00**, að undangengnum tveggja tíma undirbúningi starfsfólks fyrir opnun. Þemu:

- Að kennarar og börn skapi saman góðar rútínur og umhverfi til að vera í.
- Vinna listasmiðjuverkefni um sumarið og ævintýri þess.
- 16. ágúst er alþjóðlegur dagur vita og af því tilefni ætlum við að færðast örlítið um þá, ekki síst í ljósi þess hversu miklu máli þeir skipta eyland eins og okkur.

September- guli mánuðurinn

Þema: *Við skulum vera góð hvert við annað.*

- vinátta, tilfinningar, samskipti
- **10. september verður gulur dagur**, þar sem við hvetjum alla til að mæta í gulu og leggja þannig áherslu á mikilvægi geðheilsu og þess að vera góð hvert við annað.
- **Samvera í Krílabæ.** Börnum úr Barnaborg boðið í haustsamveru í Krílabæ. Foreldrar hjartanlega velkomnir með. Dagsetning auglýst þegar nær dregur.

Október: Litríka haustið og bleiki dagurinn

- Unnið með allan þann efnivið og hugmyndir sem árstíðaskiptin og haustið færa okkur.
- **Foreldrafundur** verður í setustofu Þingeyjarskóla **fimmtudaginn 8. október kl. 20:00**
- **16. október** verður bleikur dagur til stuðnings baráttunni gegn brjóstakrabbameini.
- Unnið með einkunnarorð Þingeyjarskóla: **Ábyrgð, virðing, gleði**

Nóvember

Þema: Heimilið mitt, fjölskyldan mín, heimahagar, bangsinn minn

Gestakaffi

- Krílabæ 12. nóvember
- Barnaborg 25. nóvember

25. nóvember er einnig alþjóðlegur bangsadagur og þá er ekki úr vegi að gera böngsum barnanna hátt undir höfði.

Desember

Í byrjun desember skipuleggur foreldrafélag Barnaborgar samveru leikskólabarna, foreldra og starfsfólks.

Litlu-jól Barnaborgar verða 15. desember

Litlu-jól Krílabæjar þann 17. desember.

Janúar

- „Púslum okkur saman eftir jólafríið“: **29. janúar** er alþjóðlegur púsldagur. Af því tilefni langar okkur að eiga notalegar stundir með góðum púslum í janúar. Jafnframt að búa til púsl úr andlitum barnanna og bjóða þeim að raða sér sundur og saman.
- 4.-8. janúar kemur Jón Pétur danskennari og kennir í báðum deildum frá mánudegi til fimmtudags.
- Ljós og skuggar, frost og þýða.

Febrúar

- Þorrinn og gamli tíminn
- **Öskudagur, 10. febrúar: Búninga og náttfatadagur**
 - o Nemendur Krílabæjar fara í Þingey og skemmta starfsfólki með söng
 - o Í báðum leikskólum verður brugðið á leik fyrir hádegis með dansi og snakki. Hefðbundið starf eftir hádegis með góðri hvíld, útveru og rútínu.

Mars

- Sjálfbærni og vísindi
 - o Spyrjum spurninga og leitum svara: grunnurinn að vísindalegri aðferð.

Apríl

- Vorið vaknar
- Farfuglarnir

Mái

- Vorverkin og sauðburður
- Sameiginleg sveitaferð 13. maí
- Fylgjumst áfram með farfuglum og lífinu sem kviknar.
 - o 20. maí er alþjóðlegur býflugnadagur. Þá ætlum við að skapa og fræðast um býflugur.

Júní

- Hjóladagur
- **Sameiginlegur grilldagur í Barnaborg.**
- Útivera og listsköpun úti.
- Fræðumst um sjómannadagurinn og 17. júní

Dagskipulag leikskólanna

Dagskipulagið er sveigjanlegt og opið til að gefa sjálfsprottnum leik barnanna vægi og svigrúm. Þannig skapast tækifæri fyrir hæglátt leikskólastarf. Hæglæti í leikskólastarfi felur í sér að virða takt barnsins og skapa rólegt umhverfi þar sem börn fá tíma til upplifa og læra á eigin forsendum. Í slíku starfi er lögð áhersla á að draga úr flýti og óþarfa skipunum og gefa í staðinn rými fyrir dýpri einbeitingu, leik og samskipti. Í hæglátu leikskólastarfi hafa kennarar tækifæri til að hlusta, fylgjast með og bregðast við þörfum hvers barns.

Dagskipluag Krílabæjar

haust 2026



	MÁN	ÞRI	MÍÐ	FIM	FÖS
8:00 - 8:25	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI
8:30	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR
9:00-9:20	SAMVERUSTUND SKIPT HÓPA	SAMVERUSTUND SKIPT Í HÓPA	SAMVERUSTUND SKIPT Í HÓPA	SAMVERUSTUND SKIPT Í HÓPA	SAMVERUSTUND SKIPT Í HÓPA
9:20-10:15	LEIKUR & SKÖPUN	HOPP & SKOPP SKIPT Í HÓPA	LISTASMIÐJA SKIPT Í HÓPA	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN
CA 10:15	ÚTIVERA	ÚTIVERA	ÚTIVERA	ÚTIVERA	ÚTIVERA
CA 11:15	WC, BLEYJUR & HANDÞVOTTUR	WC, BLEYJUR & HANDÞVOTTUR	WC, BLEYJUR & HANDÞVOTTUR	WC, BLEYJUR & HANDÞVOTTUR	WC, BLEYJUR & HANDÞVOTTUR
11:30	M	A	T	U	R
12:10-12:45	H	V	Í	L	D
12:45	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN	ÚTIVERA	LEIKUR & SKÖPUN
14:30	NÓNHRESSING	NÓNHRESSING	NÓNHRESSING	TÓNLIST MEÐ PÉTRI	NÓNHRESSING
FRAM AÐ LOKUM	ÚTIVERA	ÚTIVERA	ÚTIVERA	LEIKUR INNI	ÚTIVERA

Dagskipluag Barnaborgar

haust 2026

Móttaka og frjáls tími	Íþróttir í Ydölum
Matartími	Tónlist hjá Péttri
Samverustund	Heiðutímar
Leikur og sköpun	Hvöld
Útivera/leikur inni	

	MÁN	ÞRI	MIÐ	FIM	FÖS
- 8:25	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI	MÓTTAKA FRJÁLS TÍMI
8:30	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR	MORGUNMATUR
9:00	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND ÍÞRÓTTIR Í YDÖLUM	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND
	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN	LEIKUR & SKÖPUN
CA 10:10	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI
CA 11:15	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND
11:30	M	A	T	U	R
12:10-12:40	H	V	Í	L	D
12:40	ÚTIVERA	ÚTIVERA	ÚTIVERA Heiðutímar: Uglur og krummar	ÚTIVERA Tónlist m Péttri: Uglur, krummar og lóur	ÚTIVERA
14:30	NÓNHRESSING	NÓNHRESSING	NÓNHRESSING	NÓNHRESSING TÓNLIST M. PÉTRI Í KRÍLABÆ	NÓNHRESSING
14:50	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND	SAMVERUSTUND
FRAM AÐ LOKUM	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI	ÚTIVERA/LEIKUR INNI

Tónlistartímar með Péttri tónlistarkennara Þingeyjarskóla verða á mánudögum; kl. 13:30 í tónlistarstofu fyrir elstu 2 árganga í Barnaborg og kl. 14:30 í Krílabæ.

Listsköpun með Heiðu og Kittu, verkgreinakennurum Þingeyjarskóla, verða á fimmtudögum kl. 12:50 fyrir elstu 2 árganga í Barnaborg.

Íþróttir með Völu íþróttakennara verða á fimmtudagsmorgnum kl. 9:10. Fyrir elstu 2 árganga Barnaborgar.

Heimsóknir elstu barna í grunnskólann: hefjast í október.

Áætlaður nemendafjöldi og stöðugildi haustið 2026:

	Nemendur alls:	Stöðugildi alls:	Stöðugildi vegna stuðnings og sérkennslu	Móttökueldhús og þvottur	Ræsting	Hlutfall stjórnunar
Krítlabær	6	3,5	0	0,2*	0,4	0,3
Barnaborg	24	8,6	2	0,65	0,4**	0,7

*Matreiðsla og innkaup fyrir mótuneyti Krítlabæjar er útvistað til Dalakofans efh.

**Einn dag í viku þrifa almennir starfsmenn á opnunartíma Barnaborgar, sú vinna er reiknuð inn í þetta starfshlutfall.

Nemendur og fæðingar

Aldur barna skiptir miklu máli þegar mönnun leikskóla er áætluð. Öll börnin í Krítlabæ eiga íslensku sem móðurmál. Í Barnaborg eru 3 nemendur tvítyngdir.

Krítlabær:	
Fæðingarár:	Fjöldi:
2021	1
2022	1
2023	0
2024	2
2025	2
Nemendur samtals:	6

Barnaborg:	
Fæðingarár:	Fjöldi
2021	6
2022	6
2023	7
2024	4
2025	1
Nemendur samtals	24

Starfsmenn Barnaborgar

Starfsmaður	Starfsheiti	stöðuhlutfall
Anna Lovísa Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir	Leikskólakennari með 50% deildarstjórn	90%
Hildur Rós Ragnarsdóttir	Kennari með 50% deildarstjórn	80%
Lilja Björg Ómarsdóttir	Starfsmaður með stuðning	100%
Markéta Drápalová	Starfsmaður í móttökueldhúsi og á deild	100%
Martin Poloha	Ræstitæknir	33%
Nanna Marteinsdóttir	Leikskólastjóri	70%
Sigrún Helga Thorlacius	Leiðbeinandi	100%
Sylwia Maryzewska	Starfsmaður með stuðning	100%
Þorgerður Sigurgeirsdóttir	Starfsmaður í mótuneyti Þingeyjarskóla* og á deild	84%

*Breyting frá 1. september 2026: Laun starfsmanns í mótuneyti Þingeyjarskóla færast á Barnaborg, ólíkt launum tveggja annarra starfsmanna mótuneytis Þingeyjarskóla sem færast á grunnskólann.

Starfsmenn Krítlabæjar:

Starfsmaður	Starfsheiti	stöðuhlutfall
Andzrej Florek	Ræstitæknir	41%
Dagrún Inga Pétursdóttir	Leiðbeinandi	100%
Guðrún Karen Sigurðardóttir	Leiðbeinandi	100%
Nanna Marteinsdóttir	Leikskólastjóri	30%
Sigrún Aagot Ottósdóttir	Verkefnastjóri í Krítlabæ	80%

Skipulag og leiðtogar í daglegu starfi

Nemendahópur Krílabæjar myndar 1 hóp sem starfsfólk Krílabæjar annast og kennir í sameiningu. Gert er ráð fyrir hópaskiptingu eftir aldri einu sinni á dag til að tryggja að börnin fái verkefni sem hæfa þroska og getu, t.d. í listasmiðju og þemavinnu þar sem unnið er með orðaforða, fínhyfingar og margt fleira. Sigrún Aagot Ottósdóttir verður verkefnastjóri Krílabæjar starfsárið 2026 -2027 og hefur umsjón með daglegum samskiptum við foreldra, skipulögðum foreldraviðtölum og skipulagi starfsins í kringum börnin. Í samvinnu við leikskólastjóra og annað starfsfólk skal verkefnastjóri tryggja að sérhvert barn á deildinni fái kennslu og umönnun eftir þörfum.

Nemendum Barnaborgar verður skipt á tvö svæði leikskólans eftir aldri líkt og undanfarin ár. Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir og Hildur Rós Ragnarsdóttir munu hafa sameiginlega deildarstjórn í Barnaborg frá september 2026 þar sem Ásta hefur umsjón með yngri börnunum og Hildur þeim eldri. Svæðaskipting býður uppá að yngstu börnin fá næði og ró á gula svæði og tækifæri til að tengjast ákveðnu starfsfólki sérstaklega vel. Á sama tíma verður lögð áhersla á að Barnaborg verður áfram ein deild og allt starfsfólkkið skal vinna saman að því að hugsa um barnahópinn. Það er mikilvægt í ekki stærri leikskóla að börnin geti leikið saman, myndað tengsl þvert á árganga og lært af yngri og eldri börnum.

Samstarf

Foreldrar

Gott og mikið samstarf við foreldra er ein af grunnstoðum leikskólastarfs. Áhersla verður lögð á gott upplýsingaflæði til foreldra í gegnum *Námfús* app og vefsvæði, með vikulegum tölvupóstum og í daglegum samskiptum starfsfólks og foreldra.

Leikskólastjóri, deildar- og verkefnastjórar munu bjóða foreldrum allra barnanna í viðtal á haustönn og aftur á vorönn. Ef foreldrar kjósa það, verður hægt að taka viðtal í fjarfundi. Viðtöl haustannar verða í september og vorannar í apríl. Jafnframt er alltaf hægt að senda leikskólanum línu og óska eftir stuttu spjalli við leikskólastjóra og/eða deildar- og verkefnastjóra. Við hvetjum foreldra til að ræða við okkur um það sem þeim brennur á hjarta frekar en bíða eftir skipulögðu foreldraviðtali annarinnar.

Samstarf milli Barnaborgar og Krílabæjar

Á september 2026 er stefnt að samstarfi við foreldrafélög leikskólanna um sameiginlegan viðburð í Krílabæ. Þar verður foreldrum og nemendum leikskólanna beggja boðið að koma í heimsókn í Krílabæ, tengjast og leika inni og úti. Í júní 2027 er svo stefnt að sameiginlegum viðburði leikskólanna í Barnaborg.

Starfsfólk og kennarar leikskólanna funda saman mánaðarlega á sameiginlegum starfsmannafundum. Stefnt er að miklu samtali og ígrundun deildarstjóra, verkefnastjóra og leikskólastjóra um viðfangsefni í leikskólunum og stuðla þannig að vexti allra í starfi, börnunum til heilla.

Stefnt er á að nota *Padlet appið* fyrir allt starfsfólk leikskólans fyrir daglegt skipulag og tilkynningar. Jafnframt verða sameiginlegir starfsmannahittingar deildanna sem og með starfsfólki grunnskólans.

Samstarf við grunnskólann

Frá september fram í maí er gert ráð fyrir að Pétur Ingólfsson tónlistarkennari Þingeyjarskóla verði með tónlistartíma einu sinni í viku í Krílabæ og einu sinni í viku fyrir elstu árganga Barnaborgar í tónlistarstofu Þingeyjarskóla. Valgerður Jósefsdóttir sinnir íþróttakennslu einu sinni í viku og Heiða Guðmundsdóttir textílmenntakennari og sérfræðingur í jákvæðum aga mun kenna elstu tveimur árgöngum Barnaborgar eina kennslustund viku. Hulda Svanbergisdóttir sérkennari á yngsta stigi tekur að sér sérkennslu fyrir elstu börn Barnaborgar.

Áætluð stundakennsla jafngildir um 22% stöðuhlutfalli grunnskólakennara. Það er ekki talið með í stöðugildum leikskólanna. Stundakennslan dregur ekki alltaf úr almennri mönnunarbörf leikskólanna, er hins vegar viðbót við faglegt starf þeirra. Hefð er fyrir því að stundakennslan falli niður þegar uppþrotsdagar kringum haust- og vorgleði og þemavikur eru í grunnskólanum.

Áfram er stefnt að góðu samstarfi við grunnskóladeild Þingeyjarskóla um samfellu náms milli skólastiga. Heimsóknir elsta árgangs í grunnskólann er skipulagðar út frá stærð, þroska og þörfum barnahópsins á hverju hausti og kynnt til foreldra um miðbik haustannar. Í júní 2027 eru fyrirhugaðir sundtímar fyrir 2 elstu árganga leikskólans í samstarfi við Valgerði Jósefsdóttur íþróttakennara.

Skólaþróun og Heillaspor

Það er afar mikilvægt að leikskólastarf sé í stöðugri þróun svo það geti mætt þörfum barna á hverjum tíma og stutt við alhliða þroska þeirra. Með því að endurskoða reglulega starfshætti, leik- og námsumhverfi og samskipti er hægt að skapa öruggt, hvetjandi og skapandi umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að vaxa og læra í gegnum leik. Þróun leikskólastarfs felst einnig í að nýta nýja þekkingu og rannsóknir um þroska og nám barna, auk þess að innleiða fjölbreyttar og sveigjanlegar leiðir í starfinu. Leikskólar sem leggja áherslu á sífellda þróun eru betur í stakk búnir til að styðja við vellíðan, þátttöku og nám barna og tryggja gæði starfsins til framtíðar.

Í ágúst 2026 hefja allir skólar Þingeyjarsveitar innleiðingu á *Heillasporum* með heils dags námskeiði þann 14. ágúst fyrir allt starfsfólk skólanna, enda snúast þau m.a. um að taka meðvitaðar ákvarðanir í daglegu starfi sem hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif á þroska barna. Hægt er að lesa um á heimasíðu *Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu*: [Heillaspor | Miðstöð menntunar og skólaþjónustu](#).

Í stuttu máli felast *heillaspor* í markvissum og jákvæðum leiðum í skólastarfi sem miða að því að efla vellíðan, þroska og nám allra barna. Hugtakið er oft notað um þau skref sem tekin eru til að skapa umhverfi þar sem börn upplifa öryggi, gleði, þátttöku og virðingu.